

REGLUGERÐ**156**

17. júlí

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar hestamannafélagsins Stígandi í Skagafirði.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmála-
stofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslita-
hlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 75% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (25%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til að koma upp skeið-
velli á félagssvæðinu, til viðhalds hans og til reiðvega í Skagafjarðarsýslu. Má
tillag til reiðvegarins aldrei nema minna en 10% af hagnaði félagsins af veð-
málastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinn-
ingar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða
fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreiðar-
reglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum og er ekki ábyrgzt að innskot fáiast
að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurð-
um dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik
o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup, og því aðeins
að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

156
17. júlí

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23/1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. júlí 1950.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

157
17. júlí

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Dalvík.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Dalvíkurhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hálshöfða að Sauðanestá á Upsaströnd, innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Að nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn Dalvíkurhrepps kjósa þrjá menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs, fyrir hönd hreppsins, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Sveitarstjórnin ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kys sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft, sem þurfa þykir, og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmanna þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstrarárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok